



# Rangárþing eystra

## Erindisbréf

### Ungmennaráð Rangárþings eystra

Með vísan til 2 mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 ber sveitarfélaginu að hlutast til um stofnun ungmennaráðs. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á hverju ári skal ákvarða sérstaka fjárveitingu til verkefna ungmennaráðs. Fjárveitingunni skal varið til funda, þinghalds, útgáfu eða fræðslu.

#### 1 gr.

Ungmennaráð er skipað 7 fulltrúum á aldrinum 14-25 ára og jafn mörgum til vara. Nemendaráð Hvolsskóla tilnefnir einn einstakling, Tvístráðið tilnefnir einn einstakling og svo verður óskað eftir umsóknum, nafnlausum, sem ungmennaráð og íþrótt- og æskulýðsfulltrúi velur svo úr. Kosið verður til tveggja ára í senn. Gæta skal að kynjahlutfalli og góðri aldursdreifingu við valið á umsækjendum.

Þá verði aðalmönnum í sveitarstjórn, ásamt formanni heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefndar og sveitarstjóra heimilt að sitja fundi nefndarinnar. Auk þess er formaður barnvæns samfélags og forstöðumaður félagsmiðstöðvar boðaður á alla fundi. Sveitarstjóri skal boðaður á fyrsta fund hvers starfssárs.

Fulltrúar í ungmennaráð skulu valdir fyrir 15. október ár hvert.

Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi. Einnig skal kjósa/velja fulltrúa í Ungmennaráð Suðurlands.

Útskýra þarf hlutverk hvers og eins nefndarmanns og fara yfir erindisbréf á fyrsta fundi.

#### 2. gr.

Tilgangur ungmennaráðs er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, þjálfa ungmennin í lýðræðislegum vinnubrögðum, skapa þeim vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri og efla umfjöllun sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki. Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Ungmennaráð stendur einnig fyrir viðburðum sem höfða sérstaklega til ungs fólks í sveitarfélaginu.

#### 3. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og aðrar nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið sín. Nefndir og ráð sveitarfélagsins senda ungmennaráði, til umsagnar, öll málefni sem snerta ungt fólk og börn sérstaklega. Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks.

Ungmennaráð skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum barna og ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu. Einnig getur Ungmennaráð tekið fyrir mál sem þau telja nauðsynleg



og/eða mikilvæg og komið þeim til sveitarstjórnar. Ungmennaráð skal hittast 5-6 sinnum á ári en oftar ef þörf er á.

#### 4. gr.

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum.

Ungmennaráð skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari, ritar þær í tölvu skv. gildandi reglum sveitarstjórnar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður ungmennaráðs til íþrótta- og æskulýðsfulltrúa sem leggur hana fram til afgreiðslu sveitarstjórnar sem og kynningar með dagskrá næsta fundar heilsu-, íþrótta- og æskulýðsnefndar. Ritari ungmennaráðsins sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ungmennaráðs.

Formaður ungmennaráðs sér um boðun funda. Fundarboð skal vera skriflegt eða rafrænt og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður ungmennaráðs stýrir fundum hans skv. ákvæðum 53. greinar samþykktar um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra.

Ungmennaráð starfar með og undir leiðsögn heilsu-, íþrótta- og æskulýðnefndar. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er starfsmaður ráðsins og tengiliður þess við sveitarstjórn. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi situr að jafnaði fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt og ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

#### 5. gr.

Ungmennaráð skal halda einn opin fund á hverju ári um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu og boða til hans með auglýsingu í Búkollu, á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum internetsins. Að öðru leyti verða fundir ungmennaráðs ekki auglýstir sérstaklega.

#### 6. gr.

Sveitarstjóri skal boðaður á fyrsta fund með nýja ungmennaráðinu. Sveitarstjórn hittir svo ungmennaráðið á vormánuðum.

Í upphafi kjörtímabils kemur ungmennaráð á fundi fastanefnda sveitarfélagsins.

#### 7. gr.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi boðar til fyrsta fundar en eftir það boðar formaður ungmennaráðs til fundar.

#### 8. gr.

Ungmennaráð getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

#### 9. gr.

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfssvið hennar heyrir og gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra.

**10. gr.**

Erindisbréf þetta skal endurskoðað á tveggja ára fresti.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings eystra 13. desember 2022.



Anton Kári Halldórsson

Sveitarstjóri



Sveitarstjóri Rangárbings eystra